

Ársskýrsla Fuglaverndar 2019

Lögð fram á aðalfundi í Reykjavík 10. september 2020

Aðalfundur Fuglaverndar 2019 var haldinn í sal Bókasafns Kópavogs þann 11. mars 2019. Þessi fundur markaði tímamót í sögu félagsins en Jóhann Óli Hilmarsson ákvað að stíga til hliðar eftir 35 ár í stjórn og þar af 20 ár sem formaður! Nýr formaður, Ólafur K. Nielsen, var kosinn og nýir í stjórn voru Halla Hreggviðsdóttir og Snæþór Aðalsteinsson. Stjórnin skipti með sér verkum á fyrsta stjórnarfundum sem hér segir: Ólafur Karl Nielsen formaður Fuglaverndar, Menja Von Schmalensee varaformaður, Halla Hreggviðsdóttir gjaldkeri, Trausti Gunnarsson ritari og meðstjórnendur Daníel Bergmann, Erpur Snær Hansen og Snæþór Aðalsteinsson. Skoðunarmaður reikninga var valinn Sigfús Bjarnason og Gunnlaugur Pétursson til vara. Stjórnin hélt 7 fundi á árinu. Halla baðst lausnar af persónulegum ástæðum í ágúst og Daníel Bergmann tók við stöðu hennar sem gjaldkeri. Árgjald á árinu var ákveðið þetta: einstaklingsaðild kr. 4950, fjölskylduadild 6050 og ungliða- og ellilífeyrisþegaadild 3850. Um áramót voru skráðir félagsmenn 1142.

Rekstur

Skrifstofa Fuglaverndar er í húsnæði félagsins að Hverfisgötu 105. Framkvæmdastjóri í fullu starfi er Hólmfríður Arnardóttir og í hálfu starfi sem markaðs- og samskiptafulltrúi er Dögg Matthíasdóttir. Árgjöld félagsmanna og rausnarlegir styrkir frá Konunglega breska fuglaverndarfélaginu (RSPB) og Umhverfis- og auðlindaráðuneyti stóðu undir rekstri félagsins.

Umsagnir, ályktanir og kvartanir

Fuglavernd gaf þrjár umsagnir til stjórnvalda. Í fyrsta lagi vegna undirbúnings breytinga á lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, í öðru lagi vegna undirbúnings fyrir stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands og í þriðja lagi vegna breytinga á lögum um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Fuglavernd tók þátt í áskorunum umhverfisverndarféлага til forsætisráðherra Íslands, Katrínar Jakobsdóttur, um viðbrögð við loftlagsvánni. Fuglavernd ásamt með fleiri náttúruverndarfélögum sendi formlega kvörtun til eftirlitsnefndar Árórsarsamningsins vegna breytinga á lögum um fiskeldi sem stríða gegn ákvæðum samningsins.

Vefur og samfélagsmiðlar

Heimsóknir á vefinn okkar, fuglavernd.is, voru að meðaltali 1.988 (1.755)¹ á mánuði, samtals 23.852 (21.055) heimsóknir yfir árið.

Fuglavernd átti samskipti á fimm samfélagsmiðlum á árinu í eigin nafni. Á Facebook eru þrjár síður og einn hópur sem kallast Fuglafóðrun (2007 meðlimir), þar er mestur vöxtur og flest tækifæri til öflunar nýrra félaga.

¹ (2018) Tölur í sviga eru frá árinu áður til samanburðar.

Síða/Hópur	1/1/2019	31/12/2019	% breyting 2019
https://www.facebook.com/Fuglavernd/	4.170	4.507	8,08%
https://www.facebook.com/fridlandidivatnsmyrinni	265	278	4,91%
https://www.facebook.com/svartaibardardal/	848	883	4,13%
https://www.facebook.com/groups/fuglafodrun/	1451	2.007	38,32%

<https://twitter.com/fuglavernd>

Fylgjendur: **394** (355)

<https://www.linkedin.com/company/fuglavernd-birdlifeiceland/>

Fylgjendur: **10** (7)

https://www.youtube.com/channel/UC5z0pajgI8ab-Dtc8p5yAFA?view_as=subscriber

Áskrifendur: **10**

<https://www.flickr.com/photos/fuglavernd/>

Fylgjendur: **43**

Alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði (Fræðsla, miðlun)

Vefurinn um alþjóðlega mikilvægar sjófuglabýggðir var opnaður á árinu á vef Fuglaverndar undir flípanum búsvæðavernd, sjá <https://fuglavernd.is/busvaedavernd/sjofuglabbyggdir>. Þessi upplýsingabrunnur nýtist við náttúrufræðikennslu og almenningsfræðslu. Þar inni eru einnig tengingar við Válista fugla Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Friðlandið í Flóa

Viðræður hafa verið við sveitarfélagið Árborg um stefnumótun, stækkun friðlandsins og friðlýsingu.

Hafnarhólmi (og Njarðvík)

Félagið stóð fyrir talningu gesta í Hafnarhólma. Rögnvald Ólafsson og Gyðu Þórhallsdóttir sáu um það verk og settur var upp teljari við stigann upp í hólmann. Helga Erla Erlendsdóttir, umsjónarkona æðarvarpsins í Hafnarhólma, sá um allar nauðsynlegar aðgerðir á vettvangi. Niðurstaða mælinganna var að alls heimsóttu 46.810 ferðamenn Hafnarhólma á tímabilinu 1. maí til 30. september 2019.

Félagið stóð líka fyrir rannsókn á efnahagslegum áhrifum Hafnarhólma. Jukka Siltanen, umhverfis- og auðlindafræðingur, bar ábyrgð á þeirri rannsókn. Niðurstaða Jukka var að efnahagsleg áhrif Hafnarhólma væru sambærileg við aðra ferðamannastaði sem fá innan við hundrað þúsund gesti á ári. Þannig að þó að þessi staður sé úr alfaraleið þá býr hann yfir svipuðum efnahagslegum möguleikum og nafntogaðir fossar og friðlýst náttúruverndarsvæði.

Erlent samstarf

Áframhald var á samstarfi við Konunglega Breska Fuglaverndarfélagið (RSPB). Aðaltengiliður okkar hefur verið Mark Day en nú Zbig Karpowicz. Framkvæmdastjóri Fuglaverndar sótti fund BirdLife Europe í Frakklandi dagana 8-11. apríl. Fuglavernd var gestgjafi norrænu aðildarfélaga

BirdLife dagana 28.-30. maí hér í Reykjavík. Umhverfissráðherra, Guðmundur Ingi Guðbrandsson, heiðraði fundinn með nærveru sinni.

Samstarf við Umhverfissráðuneytið

Fuglavernd hvatti umhverfissráðherra að koma í veg fyrir að ríkið seldi jörðina Unaós og unnið yrði að friðlýsingu þeirrar jarðar og nálægra svæða. Undirtektir voru jákvæðar, jörðin var ekki seld og friðlýsingarferlið er hafið. Umhverfissráðuneytið hélt tvo fundi á árinu með umhverfisverndarasamtökum sem Fuglavernd sótti, annar var um verkefna- og rekstrarstyrki en á hinum var farið yfir verkefnasvið ráðuneytisins.

Innlent samstarf

Fuglavernd ásamt fleiri umhverfissamtökum sér um að tilnefna fulltrúa frjálsra félagasamtaka í hin ýmsu verkefni Umhverfissráðuneytis og stofnana sem undir það heyrir. Fuglavernd hefur verið í samstarfi við önnur félagasamtök, stofnanir, þekkingarsetur og náttúrustofur um afmarkaða viðburði.

Fræðsluferðir og -fundir og aðrir viðburðir

Fundir

Fuglavernd stóð fyrir fjórum fræðslukvöldum ýmist eitt eða í samstarfi við aðra. Þann 20. febrúar sagði Yann Kolbeinsson frá ferð til Vestur Papúa, fundurinn var haldinn í sal Arion banka. Myndasýning í samvinnu við Canon á Íslandi var haldin í Borgartúni 9. apríl; Bjarni Sæmundsson, Björgvin Sigurbergsson og Yann Kolbeinsson sýndu fuglamyndir. Sölvi Rúnar Vignisson kynnti niðurstöður rannsókna á farhátum kjóa í fyrirlestri hjá Þekkingarsetri Suðurnesja þann 23. október. Helgi Guðmundsson sagði frá ferð til Úganda í sal Arion banka þann 20. nóvember.

Fræðsluferðir

Fuglavernd stóð að eða var þáttakandi í nokkrum fuglaskoðunarferðum. Þann 19. janúar var hugað að skógarfuglum í samstarfi við Skógræktarfélag Hafnarfjarðar og Steinar Björgvinsson sá um leiðsögn. Ellefu daga ferð til Portúgal var farin 18.-28. apríl. Portúgalsferðin var skipulögð í samstarfi við SPEA systurfélag Fuglaverndar í Portúgal. Jóhann Óli Hilmarsson var fararstjóri en tveir heimamenn sáu um leiðsögn. Samtals tóku 12 manns þátt í ferðinni sem heppnaðist vel í alla staði og samtals voru 170 tegundir fugla færðar til bókar. Fuglaskoðun við Garðsskagavita var þann 11. maí í tilefni alþjóðlega farfugladagsins. Trausti Gunnarsson var til leiðsagnar. Þann 18. maí var fuglaskoðun í Grasagarðinum í Reykjavík í samstarfi við Reykjavíkurborg og Grasagarðinn. Snorri Sigurðsson og Björk Þorleifsdóttir voru til leiðsagnar. Í samstarfi við Landvernd var boðið upp á fuglaskoðunarferð í Friðlandið í Flóa 12. júní. Jóhann Óli Hilmarsson var til leiðsagnar. Í júní buðu sjálfboðaliðar á vegum Fuglaverndar, Jóhann Óli Hilmarsson, Hlynur Óskarsson og Alex Máni Guðríðarson, upp á leiðsögn um Friðlandið í Flóa. Þann 12. október var fuglaskoðun við Eyrarbyggðahöfn, tilefnið alþjóðlegur dagur farfugla. Leiðsögumaður var Snæþór Aðalsteinsson. Skógarfuglar voru skoðaðir í Grasagarðinum þann 7. desember undir leiðsögn Hannesar Þórs Hafsteinssonar.

Viðburðir

Fuglavernd skipulagði eitt eða með öðrum aðilum 10 viðburðum. Sá fyrsti var 11. febrúar en þá mættu líffræðinemar við Háskóla Íslands kvöldstund til að fræðast um félagið. Síðustu helgina í janúar, 25. - 28. Janúar, var garðfuglahelgin haldin. Samtals bárust okkur 152 skráningar athugana. Laugardaginn 6. apríl var hittust félagar Fuglaverndar til að taka til hendinni í Vatnsmýrarfriðlandi. Sama var uppi á teningnum þann 18. maí í friðlandi í Flóa. Fuglavernd tók þátt í „Dýradeginum“ 22. maí sem byggður er á hugmynd frá Roots & Shoots samtökum Jane Goodall. Reykjavíkumaraþon var hlaupið 24. ágúst og tveir hlauparar söfnuðu áheitum til styrkar Fuglavernd. Félagið tók þátt í hreinsun Bláa hersins á fjörum í Sandvík á Reykjanesi þann 13. september. Félagið tók líka þátt í hreinsun á fjörum á Grandá á Alheimshreinsunardeginum þann 21. september. Fuglavernd kom að einni málstofu á árinu í samvinnu við Landvernd og fleiri samtök þar sem fjallað var um hlutverk almennings í vöktun og rannsóknum á lífríkinu. Málstofan fór fram í Norræna húsinu þann 16. október. Laugardaginn 26. október var opið hús á skrifstofu Fuglaverndar og tilefnið var að þá hófst vetrarlöng garðfuglakönnun.

Fuglar

Í júlí 2019 kom út 12. tölublað af tímariti félagsins og var póstsent til allra félagsmanna sem greitt höfðu árgjald.